



Vinátta
Fri for Mobberi

Vinátta – Fri for mobberi

Forvarnarverkefni gegn einelti

Margrét Júlía Rafnsdóttir

Vinátta
Fri for Mobberi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi framleiðir efnið og gefur út með góðfúslegu leyfi og í samstarfi við *Red barnet- Save the Children* og *Mary Fonden* í Danmörku, sem þróuðu efnið og gáfu fyrst út árið 2007.

Barnaheill og Red barnet eru hluti af hluti af *Save the Children international* og eru frjáls félagasamtök (NGO).

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós í öllu starfi.

Markmið *Mary Fonden*: „að vinna að verkefnum sem fyrirbyggja félagslega einangrun, hjálpa þeim sem eru félagslega einangraðir, að hvetja til skilnings á gildi fjölbreytileikans og skapa von.“



Byggt á áströlsku efni; *Better Buddies*.

Nú Danmörk, Eistland, Grænland og Ísland. Fleiri lönd í farvatninu.

Fyrir börn 1- 8 ára (leikskóli og grunnskóli). Þrenns konar töskur með efni.



Verið að próa efni fyrir eldri og efni sem byggir á heildrænni nálgun skóla.

Kynntist efninu 2008 hjá Red barnet í Danmörku.

Fengum danska tösku í ársbyrjun 2014 og fórum með hana manna á milli til að kanna hvort grundvöllur væri fyrir efninu á Íslandi.

Skrifað undir samning við Red barnet og Mary Fonden um notkun á efninu. Þýtt og staðfært.



Sex leikskólar í sex sveitarfélögum tilraunakenndu efnið 2014 - 2015. við leikskólana og endurgjöf Kannanir frá Háskólanum í Hróarskeldu, lagðar fyrir þátttakendur fyrir námskeiðið, svo önnur í maí 2015 og sú þriðja í maí 2016.

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands vann úr könnununum.

Niðurstöður má finna hér:

<http://www.barnaheill.is/Vinatta>

Haust 2015:

Námsefnið yfirfarið
og gefið út að nýju og í
boði fyrir alla leikskóla
í upphafi árs 2016.



Vináttu
Fri for Mobberi

Staðan nú:



Nú eru 50 leikskólar þátttakendur í Vináttu og meira en 300 starfsmenn leikskóla hafa sótt námskeið.

Sveitarfélög með leikskóla sem eru þátttakendur í Vináttu eru: Kópavogur, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Borgarbyggð, Akranes, Reykjanesbær, Grindavík, Vesturbyggð, Svalbarðsströnd, Reykjavík.

Fleiri leikskólar og sveitarfélög koma inn eftir áramót.

Mörg sveitarfélög hafa ákveðið að Vinátta fari í alla leikskóla sveitarfélagsins, þar sem börnin munu síðar koma saman í grunnskólum og tómstundum og mikilvægt sé að þau hafi öll verið nestuð með forvörnum gegn einelti.

Efni fyrir grunnskóla boðið nokkrum skólum haustið 1016. Mörg sveitarfélög sýnt áhuga á þátttöku.

Vináttu
Fri for Mobberi

Þá að *Vináttu...*

Byggt á nýjustu rannsóknum á einelti; eXbus www.exbus.dk

Ákveðin hugmyndafræði og gildi, sem flettast inn í allt skólastarf og raunhæf verkefni fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

Stríðni og einelti þekkist hjá börnum í leikskólum allt frá þriggja ára aldri; *...þú mátt ekki vera með í leiknum, ...ég vil ekki leiða þig....*

Mikilvægt að takast á við og fyrirbyggja slíkt og búa börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.

Vinátta er forvarnarverkefni, sem er ætlað að koma í veg fyrir einelti

Markmið *Vináttu- Fri for mobberi*

- að koma í veg fyrir og minnka einelti í leikskólum og skólum.
- að starf skólanna, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- að þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla.
- að stuðla að rannsóknum á einelti.

Vinátta leggur áherslu á þátttöku foreldra og að hinir fullorðnu, starfsfólk og foreldrar, séu góðar fyrirmyndir barnanna.

Sérstaklega hugað að viðkvæmum börnum og minnihlutahópum og foreldrum þeirra. *Vinátta* byggist því á að efla styrkleika hvers einstaklings, byggja upp jákvæð samskipti og góðan skólabrag.

Vinátta
Fri for Mobberi

Fyrri nálganir á einelti:

Áður var gjarnan litið á einelti sem einstaklingsbundin vandamál, gerendur sem árásargjarna einstaklinga með jákvæða afstöðu til ofbeldis, þörf fyrir að stjórna og með litla samúð með fórnarlömbum sínum og þolendur sem aðgerðarlausu, undirgefna, kvíðna, óörugga og veikburða einstaklinga.

Gerandi - þolandi, þar sem gerandinn er sökudólgur, sem fær skammir og þolandinn fær meðaumkun.

Nálganir Vináttu:

Samkvæmt rannsóknum eXbus, sem *Vináttu – Fri for mobberi* byggist á er einelti félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein eða samskipti, en ekki einstaklingsbundið vandamál.

Vináttu leggur því áherslu á að skoða hópinn sem heild og samskiptamynstur, en ekki einblína á að einhver sé slæmur og annar góður, ekki á geranda og þolanda. Sami einstaklingur getur verið í mismunandi hlutverki í mismunandi aðstæðum; gerandi, þolandi eða sá sem stendur hjá.

Menningin í hópnum er það sem á að skoða og vinna með. Mikilvægt að allir komi með reisu úr aðstæðum.

Hvar þrífst einelti?

Einelti þróast í aðstæðum og umhverfi þar sem umburðarlyndi skortir gagnvart margbreytileikanum, í umhverfi sem börn hafa ekkert val um að vera í og komast ekki burt úr, s.s. skóla eða bekkjardeild.

Þar eru ákveðin viðmið um hvað sé rétt eða rangt, hvað má og hvað ekki, s.s. hvað varðar útlit eða hátterni. Viðmiðin eiga þó bara við um suma og er jafnvel breytt eftir hentugleika.

Skortur er á samhygð og góðum félagsanda og því þróast gjarnan samskiptamynstur sem byggist á útilokun. Sumir fá að vera hluti hópsins en aðrir eru óæskilegir eða útilokaðir.

Getur einnig verið vegna afbrýðisemi, valdabaráttu, hefndar eða vinsælda.

Hvar þrífst einelti ekki?



Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast þröskuldur umburðarlyndis. Þar er samkennd, börnin njóta virðingar og viðurkenningar. Þau finna sér sinn eðlilega sess í hópnum, sama hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna og hvers þau eru megnug.

Gildi margbreytileikans er virt og umburðarlyndi fyrir því að hópurinn er samsettur úr mismunandi einstaklingum með mismunandi einkennum og mismunandi styrkleika. Ekki er gert ráð fyrir að einstaklingar breyti einkennum sínum eða útliti til að falla í hópinn.

Þar er jákvæður og góður skólabragur.

Það er á ábyrgð okkar fullorðna fólksins að búa börnunum þannig umhverfi!

Við þurfum að vera góðar fyrirmyndir í orði og verki

Vínáttá
Fri for Mobberi

Því eru eftirfarandi gildi leiðarljós *Vináttu*:

Umburðarlyndi; Að viðurkenna og samþykkja margbreytileika hópsins og koma fram við hvert annað sem jafningja. Að sjá margbreytileikann sem styrkleika, bæði fyrir hvert barn og hópinn í heild.

Virðing; Að bera virðingu fyrir hverjum og einum einstaklingi eins og hann er og meta margbreytileikann í hópnum. Að vera góður félagi allra.

Umhyggja; Að sýna hverju barni áhuga, athygli, umhyggju, samkennd, samlíðan og hjálpssemi, jafnaldra sem yngra barni.

Hugrekki; Að börn og fullorðnir hafi hugrekki til að segja frá ef þeir sjá aðra beitta órétti og börn þjálfist í að setja sér sín eigin mörk. Að vera góður félagi sem bregst við órétti.

Árangur af notkun efnisins í Danmörku

Starfsfólk:

Níu af hverjum tíu úr hópi starfsfólks finnst verkefnið skila miklum og góðum árangri í barnahópnum. Þess vegna mæla 98% aðspurðra með verkefninu við aðra.

Starfsfólk telur efnið mjög aðgengilegt og auðvelt að vinna með það, auðvelt að aðlaga öðru skólastarfi. Starfsmenn segja að efnið hafa opnað augu þeirra fyrir nýjum aðferðum og nýrri nálgun á viðfangsefninu, nálgun sem byggir á gildum efnisins.

Viðbrögð við efninu meðal starfsfólks leikskóla á Íslandi

Telja efnið mjög aðgengilegt og gott, auðvelt að aðlaga að öðru efni leikskólans. Ekki „enn eitt verkefnið“ heldur verkefni sem styður við annað starf og verkefni leikskólans.

„ Verkefnið er eins og himnasending til okkar.“
(Leikskólastjóri að loknu námskeiði).

Sagði verkefnið passa vel inn í starfsemi leikskólans og styðja vel við önnur verkefni og áætlanir leikskólans.

„ Maður fer að spyrja sig hvernig starfsmaður vil ég vera“ (starfsmaður)

„ Frábært verkefni, það besta sem ég hef unnið með“ (starfsmaður)

Árangur af notkun efnisins í Danmörku

Foreldrar:

98% foreldra telja að efnið hafa haft góð áhrif á börnin og þau haft gagn af því, að börnin hafi öðlast meiri hæfni til að mynda tengsl og til að eiga samskipti við önnur börn og fullorðna.

Áður litu foreldrar svo á að taka ætti á einelti þegar það kæmi upp og það væri einstaklingsbundinn vandi.

Með þátttöku í verkefninu telja þeir nú mikilvægt að hefja forvarnarstarf í leikskóla, vinna stöðugt að forvörnum og að byggja upp góðan skólabrag.

Foreldrar telja að einelti eða samskipti og hegðun sem getur leitt til eineltis finnist í leikskólum.

Árangur af notkun efnisins í Danmörku

Foreldrar:

Foreldrar vilja fá að taka þátt og vinna raunhæf verkefni í stað þess að fá bara upplýsingar.

Foreldrar barnanna þrýsta á grunnskólann að taka upp *Vináttu* verkefnið.

Ísland: Foreldrar hafa lýst ánægju með efnið og telja það hafa haft jákvæð áhrif á börnin og samskipti þeirra á milli og vilja efnið í grunnskólana.



Árangur af notkun efnisins í Danmörku

Börnin:

Börnum líkar verkefnið og efnið í töskunni.

Þau eru hjálpsamari og umhyggjusamari.

Eldri börn hjálpa þeim yngri. Ný tengsl í leik.
Börnin læra að setja sér mörk.

Börn úr leikskólum sem unnið hafa með
Vináttu – verkefnið fá umsögn um hlýju,
samkennd og góða framkomu, þar sem þau koma.

Börnin telja vináttu mjög mikilvæga.

Sambærilegt á Íslandi: Lesa betur í líðan annarra, umhyggjusamari...





EFNIÐ ÍTÖSKUNNI

Vináttá
Fri for Mobberi

Vináttá
Fri for Mobberi

Hvað er í töskunni

Bangsinn Blær

Bangsinn Blær og hjálparbangsar fyrir hvert barn sem vinnur með verkefnið.

Blær er táknmynd vináttunnar og samhyggðarinnar Hann minnir okkur á gildi Vináttu.

Hann gefur hljóðu börnunum rödd.

Í samverustundum fá mörg börn rödd með því einu að halda á Blæ eða litla bangsanum sínum.



Vináttu
Fri for Mobberi

Stuðlaðu að góðum samskiptum og vináttu í leikskóla barnsins þíns

- ráð til foreldra

- 1 Sýndu barninu þínu stuðning í að umgangast sem flest börn í leikskólanum.
- 2 Talaðu alltaf af jákvæðni um önnur börn í leikskólanum, foreldra þeirra og starfsmenn leikskólans.
- 3 Komdu á sameiginlegum hefðum með öðrum foreldrum og starfsmönnum leikskólans varðandi afmælisdaga barnanna, heimboð og fleira.
- 4 Hvettu barnið þitt til þess að segja frá og til þess að styðja félagi sína og verja.
- 5 Hlustaðu á aðra foreldra af jákvæðni þegar þeir tala um málefni barna sinna.
- 6 Vertu góð fyrirmynd barnsins þíns í orði og verki.



Vinátta

Fri for Mobberi

Nánari upplýsingar um Vináttu:



<http://www.barnaheill.is/vinata/>

Þar eru m.a niðurstöður kannanna sem unnar voru í samstarfi við Menntavísindastofnun HÍ, skýrslur frá leikskólum, upplýsingar um verkefnið og kynningarmyndbönd.

Facebook:

<https://www.facebook.com/vinattuverkefni>

Dönsk vefsíða:

<http://www.friformobberi.dk/>

Myndband:

https://www.youtube.com/watch?time_continue=1&v=QcLzSVzvyJs

Vináttu
Fri for Mobberi

Verð á efni fyrir leilskóla:

Taska með Blæ og öllu efni: kr 50.000

Litlir bangsar: kr 3500 poki með 10 stk

Námskeið – einn dagur og fæði: kr. 10.000

Hafið samband við barnaheill@barnaheill.is eða margret@barnaheill.is ef leikskólinn þinn vill frekari upplýsingar eða vill verða Vináttu – leikskóli.

Að lokum....

Við hjá Barnaheillum eigum þá von að innan fárra ára muni einelti meðal barna vera hverfandi. Með þátttöku sem flestra leikskóla og grunnskóla í Vináttu leggjum við lóð á þær vogaskálar.

Takk fyrir 😊



Vináttu
Fri for Mobberi